

Minnisblað

Til: Fræðslunefnd
Frá: Hafdís Gunnarsdóttir
Dags. 8. febrúar 2022
Mnr. 2022020030



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - röskun á skólastarfi þegar óveður og ófærð er í sveitarfélaginu

Þann 7. febrúar sl. var appelsínugul viðvörðun í gangi á Vestfjörðum skv. Veðurstofu Íslands. Almannaþingarnefndin hvatti fólk í Ísafjarðarbæ til að vera sem minnst á ferðinni á meðan veðrið gekk yfir.

Á undanförunum árum hafa vinnureglur verið þannig hjá Ísafjarðarbæ að skólalaldi er ekki aflýst nema almannaþingarnefndin gefi út að fólk eigi alls ekki að vera á ferli vegna veðurs. Skólum hefur verið haldið opnum þegar óveður geysar og ófærð er í byggðarkjörnum og hafa rökkin verið þau að skólar þurfi að vera opnir fyrir börn fólks sem sinnir neyðarþjónustu. Því var leik- og grunnskólum á Ísafirði og Suðureyri haldið opnum ásamt leikskólanum á Þingeyri, þó með lágmarksmönnun. Skólastjórar Grunnskólans á Þingeyri, Grunnskóla Öfundarfjarðar og leikskólans Grænagarðs hringdu í alla foreldra nemenda sinna kvöldið áður og ákváðu í samráði við þá að hafa skólana lokaða.

Í öllum byggðarkjörnum var reynt að manna skólana með starfsfólki sem býr í nálægð við hvern skóla, svo annað starfsfólk færi ekki að setja sig í mikla hættu við að komast til sinnar vinnu. Var því gert ráð fyrir algjörri lágmarksmönnun. Nokkrir starfsmenn lögðu af stað til vinnu en urðu frá að hverfa vegna slæmrar færðar. Skólar hvöttu foreldra/forsjáraðila til að halda börnum sínum heima ef fólk hafði tök á því, en að sjálfsögðu var tekið við öllum þeim börnum sem mættu. Mæting í skólana sem opnir voru í Ísafjarðarbæ var eftirfarandi:

-Leikskólinn Laufás, 2 starfsmenn en engin börn

-Leikskólinn Tjarnarbær, 3 starfsmenn og 6 börn (leikskólinn opnaði kl.10:00)

-Leikskólinn Eyrarskjól, 6 starfsmenn og 3 börn

-Leikskólinn Sólborg, 12 starfsmenn og 3 börn

-5 ára deildin Tangi, 4 starfsmenn og 2 börn

-Grunnskólinn á Suðureyri, 2 starfsmenn en engin börn

-Grunnskólinn á Ísafirði, 12 starfsmenn og 2 börn

Ekkert af þeim börnum sem mættu voru börn þeirra sem teljast vera sinna neyðarþjónustu. Miðað við fjölda þeirra barna sem mætti til skóla má segja að þörfin fyrir að opna skóla þennan dag hafi verið lítil, allavega á meðan óveðrið og ófærð stóð yfir. Óskar sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs eftir endurskoðun á vinnureglum varðandi skólalaldi þegar óveður og ófærð er í Ísafjarðarbæ. Má þá skoða vel hvort Ísafjarðarbær vilji setja starfsfólk sitt í

mögulega hættu við að komast í vinnu til að opna skóla, þegar öðrum íbúum bæjarins er ráðlagt að vera sem minnst á ferli.

Sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs leggur því fram drög að reglum um röskun á skólastarfi þegar óveður og ófærð er í sveitarfélaginu. Verði reglur þess efnis samþykktar verða þær þýddar yfir á ensku og pólsku.

HG